

Samþykkja/hafna tímabókunum

Last Modified on 23/06/2026 2:15 pm BST

Það er hægt að stilla kerfið þannig að þú samþykkir tímabókanir áður en þær eru staðfestar í dagatalið. Það er gert með því að fara í **stillingar** → **öryggi** → **varúðarráðstafanir** og haka í „**samþykktarferli fyrir bókanir**“.

Varúðarráðstafanir

Stilltu hvað viðskiptavinir þínir geta gert í bókunarflæðinu

Margar þjónustur í hverri tímabókun ?	<input checked="" type="checkbox"/>
Fá tölvupóst um bókanir ?	<input type="checkbox"/>
Sleppa auðkenningu viðskiptavina ?	<input type="checkbox"/>
Samþykktarferli fyrir bókanir ?	<input checked="" type="checkbox"/>
Leyfa bókanir yfir afbókaða tíma ?	<input type="checkbox"/>
Leyfa skráningu á biðlista ?	<input type="checkbox"/>




Nú ertu búin að kveikja á þessari stillingu fyrir aðganginn en þar sem hver starfsmaður getur valið hvort hann þurfi að hafa þessa stillingu á eða ekki þá þarf líka að kveikja á þessu hjá hverjum starfsmanni.


Til þess að stilla þetta á starfsmanninn sjálfan þá ferðu í **valmyndina** -> **starfsmenn** -> **smellir á tiltekinn starfsmann** -> **netbeiðnir** og hakar í **samþykktarferli fyrir bókanir**.

Breyta starfsmanni

Starfsmaður **Netbeiðnir** Þjónustur

Tekur við netbeiðnum

 **Birna**

Lýsing [Bæta við](#) 

Bókunar stillingar

Leyfa bókanir frá nýjum viðskiptavinum

Birtist í "Hvaða starfsmaður sem er" valinu


Samþykktarferli fyrir bókanir


Bókunarbil 15 mín

Tilkynningar eru nú stilltar innan aðgangs sérhvers starfsmanns.

[Vista](#)

Þá er þetta komið og beiðnin sem kemur inn í tilkynningabjölluna við bókun mun líta svona út:

 **Noona test** núna

 Birna

Herraklipping · 30 mín

Miðvikudagur 24. jún · 08:00

[Hafna](#) [Samþykkja](#)

Viðskiptavinurinn er látinn vita að beiðni um bókun hafi verið send í dagatal seljanda og fær síðan sms-skilaboð þegar henni hefur verið samþykkt eða hafnað

Beiðni send

Beiðninni þinni hefur verið bætt við dagatal seljanda og viðkomandi fengið tilkynningu um hana.
[Hvað þýðir þetta?](#)

Skilaboð frá fyrirtæki

Takk fyrir að bóka hjá okkur, hlökkum til að sjá þig

Setja í upphalds?

Noona Neglur


Herraklipping

Mið, 24. jún, 08:00
Noona Neglur · Birna
10.000 kr. greitt á staðnum

Dagatal Breyta Meira


SMS - tilkynningarnar sem viðskiptavinurinn fær líta svona út:

Tími samþykktur:

 **Svar við tímabeiðni**
08:26 · 8440905

Bokun staðfest kl. 10:00 thann 13.08.2025. Thu getur afbokat og faert bokunina i Noona appinu -> noona.is/app - Demo Stöðin

Tíma hafnað:

 **Svar við tímabeiðni**
13:39 · 8440905

Thvi midur getum vid ekki tekid vid ther kl. 10:00 thann 06.08.2025. Thu getur bokad aftur i Noona appinu (noona.is/app) eda med thvi ad hringja i s.5194040.
- Demo Stöðin

Ekki hika við að heyra í okkur í gegnum spjallbúubluna í hægra horninu ef einhverjar spurningar vakna [?](#)
